

Brjef stjórnarráðsins til biskups út af fyrirspurnum um ýms atriði varðandi 74
utanþjóðkirkjumenn. 13. apríl

Með brjefi, dags. 13. f. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi prófastsins í Kjalarnessþingi til yðar, dags. 8. f. m., þar sem prófastur beiðist úrlausnar yðar og, ef yður virðist nauðsynlegt, einnig úrlausnar stjórnarráðsins um eftirfarandi 3 spurningar:

1. Hvort þjóðkirkjuprestir er skylt að jarða, skira, gifta, uppfæða og ferma börn fyrir þá, sem sagt hafa sig úr þjóðkirkjunni, eða kunna í framtíðinni að segja sig úr henni.
2. Hvort þeir, sem sagt hafa sig úr söfnuðinum, verði eigi að sýna kvittun fyrir, að þeir hafi galdið til háskólans, til þess að geta verið lausir við að greiða gjald til prests og kirkju.
3. Hvort þeir, sem sagt hafa sig úr þjóðkirkjusöfnuði og utan allra trúfjelaga eru, sleppa með að gjalda til háskólans aðeins hið lögakveðna gjald, kr. 2,25, eða þeir eigi ekki að gjalda jafnhátt gjald til háskólans, sem í hvert sinn lögum samkvæmt kann að vera lagt á af sóknarnefndinni.

Ad 1. Þessari spurningu telur prófastur að svara beri neitandi, þarsem engin lög sjeu fyrir því, að utanþjóðkirkjumenn eða söfnuðir eigi kröfu til þjónustu af neinum prestri öðruvísi en eftir samningi um það, þó með þeirri undantekningu, að þar sem hvern kristinn mann á að grafa í vígðum reit, og hver maður á þar gróft að kirkju, er hann er andaður í kirkjusókn, þá sje sóknarprestir þar skylt að syngja yfir líki hans, nema svo standi á, að innan endimarka sóknarinnar sje og utanþjóðkirkjusöfnuður, sem hefir grafgreit fyrir sig. Tjáið þjer yður samdóma prófasti um þetta svar.

Svo mun verða að líta á, að sá, er segir sig úr þjóðkirkjunni, hafi þar með svift sig öllu lagalegu tilkalli til þjónustu af prestum þjóðkirkjunnar, og að líksöngur sje þar eigi undanskilinn, því að kristinrjettarákvæði það, sem prófastur vitnar til, virðist eigi fela í sjer lögskyldu prests til líksöngs, þar sem það prestverk ætti að vinnast fyrir utanþjóðkirkjumann, heldur það eitt, að hver látinn maður kristinn á leg í vígðum reit. Hins vegar er hverjum manni í þjóðkirkjunni, sem til ákveðins aldurs er kominn, lögskylt að skira barn í lífsnauð, og sú skylda sýnist þá hvíla á þjóðkirkjuprestum sem hverjum einstökum manni, enda þótt aðstandendur barnsins sjeu utan þjóðkirkju.

Ad 2. Þessari spurningu hefir prófastur svarað játandi, þarsem í 18. gr. stjórnarskipunarlaganna 19. júní 1915 sje ekkert ákvæði um, á hvern hátt háskóli Íslands fái vitneskju um þá utanþjóðkirkjumenn, sem til hans eiga að gjalda, en sóknarnefnd að sjálfsögðu hafi þá vitneskju um menn innan sinnar sóknar, þá sje henni rjett að hlutast til um, að gjaldið sje greitt, og láta sýna sjer kvittun fyrir. Tjáið þjer yður þessu svari einnig samþykkan.

Stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um það, að það sje haganlegast, að sóknarnefnd innheimti einnig umrædd gjöld af utanþjóðkirkjumönnum, að því leyti sem þau eiga að fara til háskólans, nema þeir hafi kvittun ritara

74 háskólans fyrir greiðslu þeirra til hans, enda hafi háskólaráðið eigi gjört aðrar
13. apríl löglegar ráðstafanir um innheimtuna.

Ad 3. Þessari spurningu svarar prófastur einnig játandi, af því að 18. gr. áðurnefndra stjórnarskipunarlaganna ákveður, að utanþjóðkirkjumenn, er eigi heyra til söfnuði viðurkendum í landinu, greiði til háskólans gjöld þau, er honum ella hefði »borið að greiða til þjóðkirkjunnar«, þá eigi hann á hverjum stað eigi aðeins að greiða hið lægsta gjald, sem lög ákveða, heldur það gjald, sem hann á þeim stað hefði orðið að gjalda, þótt hærra sje fyrir hækkun persónugjaldsins og niðurbjörgun aukagjalds lögum samkvæmt. Þessa lausn telji þjer og rjetta, og verður stjórnarráðið að vera yður sammála um það.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir prófastinum í Kjalarnesþingi.

75 **Brjef stjórnarráðsins** til bæjarfógetans í Reykjavík um *innflutning á svinum*
15. apríl frá útlöndum.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá herra Emil Strand hjer í bænum um, að honum verði leyft að flytja hingað til Reykjavíkur 4—6 lifandi grisi frá útlöndum í því skyni að fita þá hjer og slátra þeim síðan.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóvember 1905, sbr. lög nr. 25 frá 9. júlí 1909 veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að grísirnir verði fluttir hingað beina leið frá Noregi eða Danmörku,
- 2) að þeim fylgi vottorð lögskipaðs dýralæknis um að þeir hafi verið fyllilega heilbrigðir, er þeim var skipað út, og að þeir hafi ekki síðasta mánuðinn þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og Klovesyge«, »Rödsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuche« eða »Svinedifteritis«,
- 3) að þeir verði skoðaðir hjer af dýralækni og hann hafi ekkert að athuga við heilbrigði þeirra, og
- 4) að þeir verði geymdir hjer í afgirtu landi í Reykjavík og fluttir þangað á vagni og ekki þaðan aftur nema á vagni og til slátrunar.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

76 **Brjef stjórnarráðsins** til sýslumannsins í Isafjarðarsýslu um *flutning þingstaðar*.
29. apríl Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 12. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Nauteyrarhreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður nefnds hrepps sje fluttur frá Nauteyri að Arngerðareyri, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um, að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.